



Skoðun 16. apríl 2012

## ÖFLUGT ATVINNULÍF - BÆTT LÍFSKJÖR


Umræða um hagvöxt hefur verið áberandi síðustu misseri. Þó flestir virðast sammála um mikilvægi aukinna efnahagsumsvifa þá eru skiptar skoðanir á álitlegum leiðum til þess. Að auki hefur verið bent á að hagvaxtarmælingar taka ekki tillit til margra þátta sem telja má til lífsgæða og sum starfsemi ratar ekki þar inn þó hún myndi raunverulegan virðisauka.

Það er þó ljóst að kaupmáttur launa á Íslandi og hagvöxtur á mann, sem er leiðréttur fyrir fólksfjölgun, hafa fylgst nánast fullkomlega að síðustu 20 ár. Jákvæð áhrif hagvaxtar á kaupmátt eru því nokkuð ótvíræð, en aukinn kaupmáttur er einn ráðandi þátta bættra lífsgæða. Sé litið til síðustu 65 ára hefur hagvöxtur á mann aukist árlega um rúm 2%, sem þýðir að lífskjör hafa fjórfaldast á tíma sem er um 15 árum styttri en meðalævilengd Íslendinga.

Almenn áhersla hér heima og erlendis á aukinn hagvöxt er því ekki af ástæðulausu og óháð því til hvaða hagkerfis er horft, þá byggir hagvöxtur ævinlega á sömu þáttum, þ.e. í fjármunum og vinnuafli (framleiðsluþættir) og öðrum þáttum s.s. tækniframförum, eflingu mannauðs, auðlindanotkun og orkunotkun (heildarþáttaframleiðni).

Í grófum dráttum má svo segja að efnahagsleg velmegun byggir á því að nýta þessar uppsprettur til að skapa sem mest verðmæti með sem minnstum tilkostnaði. Í því felst viðleitni til að færri hendur vinni sama verkið, þ.e. aukinni framleiðni. Aukin framleiðni er þannig forsenda aukins hagvaxtar og kaupmáttar og því ætti stefna um hámarks lífskjara að fela í sér varanlega aukningu framleiðni. Hvatinn til hagræðingar og skilvirkni, sem er fólgin í einkaeign í atvinnurekstri,

Kaupmáttur launa og verg landsframleiðsla 1989 - 2010



Heimild: Hagstofa Íslands

„Jákvæð áhrif hagvaxtar á lífskjör eru nokkuð ótvíræð.“

„Efnahagsleg velmegun byggir á því að skapa sem mest verðmæti með sem minnstum tilkostnaði.“

er svo aftur almennt talinn meginforsenda þess að hægt sé að hámarka framleiðni

Efnahagsstefna, sem er ætlað að auka framleiðnivöxt til frambúðar, verður því að miða að hagkvæmu rekstrarumhverfi fyrirtækja, aukinni fjárfestingu í arðsömum verkefnum og vexti heildarþáttaframleiðni. Að því má stuðla með tækniframförum, hagkvæmri auðlindanýtingu, aukinni þekkingu og færni vinnuafis. Þeir sem taka ákvarðanir fyrir Íslands hönd í skipulagi efnahagsmála, og aðrir sem það vilja, ættu að hafa þetta gangverk í forgrunni.

Að undanfögnu hefur vinnulag við stjórn Íslands of oft gengið gegn þessum grunnforsendum bættra lífskjara. Sem dæmi má nefna nýleg kvótafrumvörp, hringlanda í ákvörðunum um mikilvæg starfsskilyrði fyrirtækja - sérstaklega skatta, viðamikinn niðurskurð til háskóla og áætlanir um ríkisframkvæmdir sem ekki eru líklegar til að stuðla að verðmætasköpun.

## NEYSLUDRIFINN HAGVÖXTUR SKAMMGÓÐUR VERMIR

Ef ætlunin er að hafa áhrif á vöxt landsframleiðslu, þ.e. hagvöxt, þurfa að verða breytingar á þjóðarútgjöldum, þ.e. einkaneyslu, samneyslu eða fjárfestingu. Ekki er hægt að bregðast með


afgerandi hætti við hagsveiflu með breytingum á samneyslu þar sem slíkt gæti falið í sér miklar sveiflur í útgjöldum hins opinbera sem óvíst er að ríkissjóður standi undir og erfitt er að vinda ofan af síðar. Áhrifaríkast er að hafa áhrif á fjárfestingar eða einkaneyslu. Einkaneysla vegur þyngst útgjaldaliða í landsframleiðslu og hagstjórnaraðgerðir sem auka einkaneyslu geta því haft mikil áhrif á hagvöxt, líkt og reynsla síðustu missera sýnir.

Vaxandi einkaneysla skapar spurn eftir vörum og þjónustu og fyrirtækin auka framleiðslu til að mæta eftirspurn. Þannig myndast

hagvöxtur. Ef hins vegar vöxtur einkaneyslu beinist fyrst og fremst að innfluttum varningi þá er ekki um hagvöxt að ræða þar sem innlend framleiðsla eykst ekki. Ef vöxtur einkaneyslu er fjármagnaður með lánsfé mun það jafnframt leiða til samdráttar seinna meir þegar draga þarf úr neyslu eða fjárfestingu þegar gengið er á sparnað eða eignir seldar til að endurgreiða lánin. Takmarkaður vöxtur kaupmáttar samanborið við aukningu í einkaneyslu síðustu misseri bendir til að staðan sé þessi í dag. Á slíkum vexti er ekki hægt að byggja til framtíðar.

Einkaneysla, samneysla, fjármunamyndun og hreinn útflutningur

Hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar Viðskiptaráðs

„Ef vöxtur einkaneyslu er fjármagnaður með lánsfé mun það leiða til samdráttar seinna meir.“

## OPINBERAR FRAMKVÆMDIR TVÍEGGJA SVERÐ

Önnur leið til að efla hagvöxt er að hafa áhrif á fjárfestingar. Hið opinbera getur t.a.m. aukið eða dregið úr fjárfestingum með beinum hætti með því að flýta eða fresta framkvæmdum. Þegar horft er til hagsögu Íslands má þó setja fyrirvara við gagnsemi slíkra framkvæmda enda of oft sem lítil áhersla er lögð á að þær skili hæfilegri arðsemi og auki heildarábata í hagkerfinu.

Þó fjárfestingar í mannauði og þróun nýrrar tækni skapi fleiri störf til langs tíma er gjarnan reynt að búa til störf án þess að taka mið af því hvort þau skapi verðmæti. Slík atvinnusköpun er oftast en ekki þjóðhagslega óhagkvæm. Mögulegt er að áhrifa gæti í auknum hagvexti, en þó til skamms tíma og iðulega með neikvæðum áhrifum á verðmætasköpun, hagvöxt og lífsskjör til framtíðar vegna þess að framleiðslupáttum er stýrt í óhagkvæman farveg. Þetta er gömul saga og ný, sem þó á enn hljómgrunn í dag.


Þá tekur yfirleitt nokkurn tíma að hrinda nýjum opinberum framkvæmdum af stað. Þegar búið er að samþykkja aðgerðirnar og þær farnar að hafa áhrif getur ástandið í efnahaglífinu hafa breyst þannig að jafnvel sé þörf á andstæðum viðbrögðum. Afleiðingin er því gjarnan sú að sértækar aðgerðir ýta undir ójafnvægi og sveiflur. Það getur því verið flókið mál að nota ríkisfjármálin til að dempa hagsveiflur og óvíst að það skili miklum árangri.

## VERÐMÆTASKÖPUN MEGINMARKMIÐIÐ

Langtímahagvöxtur byggir því ávallt á aukinni verðmætasköpun þar sem framleiðslupættir hagkerfisins eru nýttir með skilvirkum hætti til að efla tækniframfarir, færni vinnuafis, hagkvæma auðlindanotkun og aðra þætti heildarþáttaframleiðni. Takist að nýta þessa uppsprettur hagvaxtar til að skapa verðmæti með sem minnstum tilkostnaði – sem mestri framleiðni – er grunnur lagður að varanlegum hagvexti og lífsskjarabata.

Efnahagsstefna sem miðar að því að búa atvinnulífinu, þ.e. fólkinu og fyrirtækjunum í landinu, sem besta umgjörð svo að það dafni á eigin forsendum er best til þess fallin að stuðla að sem mestum langtímahagvexti og þar með sem hröðustum lífsskjarabata. Jafnvel lítil en varanleg aukning meðalhagvaxtar skilar þannig mun meiri lífsskjarabata á fáum árum en fæst með því að glíma við hagsveiflur með sértækum opinberum aðgerðum.

Hagsveifla, einkaneysla og viðskiptajöfnuður



„Framleiðslupáttum er stýrt í óhagkvæman farveg með opinberum framkvæmdum sem skila lítilli arðsemi.“

„Jafnvel lítil en varanleg aukning meðalhagvaxtar skila mun meiri lífsskjarabata en glíman við hagsveifluna.“

“Áherslur stjórnvalda héraðs og erlendis geta haft verulega neikvæð áhrif á lífskjör hamli þær langtíma hagvöxt.”

„Kvótafrumvörpin, hugmyndir um stórfelldar ríkisframkvæmdir og niðurskurður til háskóla ganga gegn markmiðum um verðmætasköpun.“

## AÐGERÐIR GETA HAMLAD HAGVEXTI


Áherslur stjórnvalda héraðs og erlendis í efnahagsmálum geta því haft verulega neikvæð áhrif á lífskjör, ef þær hmla stöðugan langtíma hagvöxt. Þetta má sjá þegar horft er til þeirra landa sem hafa dregist hvað hraðast aftur úr og fallið lengst á lista þar sem löndum er raðað eftir landsframleiðslu á mann. Í ljósi þess hve miklu máli hagvöxtur skiptir fyrir þróun lífskjara og samkeppnishæfni hagkerfa er það því eitt mikilvægasta viðfangsefni hins opinbera að hafa jákvæð áhrif á hagvöxt og auka hann til lengri tíma.

Í þessu samhengi má m.a. velja upp fimm atriðum á vettvangi stjórnmála undanfarin misseri sem eru tæplega í samræmi við þetta. Fyrst má nefna kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar. Er þar um að ræða grundvallarbreytingu á núverandi kerfi þar sem meginmarkmiðið virðist ganga á skjön við að hér sé rekin hagkvæmur sjávarútvegur. Viðbrögð sérfræðinga við fyrri frumvörpum hafa öll verið á sama veg, að breytingarnar væru þjóðhagslega óhagkvæmar. Í nýjum frumvörpum hefur takmarkað tillit verið tekið til slíkra athugasemda og engin gögn lögð fram sem sýna fram á að breytt kerfi verði a.m.k. jafn hagkvæmt og það sem nú gildir. Þvert á móti eru væntir annmarkar breytinganna tíundaðir í greinargerð tveggja sérfræðinga ráðuneytisins.

Annað atriðið varðar hugmyndir um fjármagnsfrekar ríkisframkvæmdir til að koma hagkerfinu í gang. Ýmsir kostir hafa verið nefndir í þessu skyni og hugmyndir ræddar um fjármögnun þeirra, helst utan ríkisreiknings, í ríkisábyrgð eða á vegum lífeyrissjóða. Eins og nefnt var að framan gætit slíkra framkvæmda jafnan aðeins til skamms tíma í auknum hagvexti vegna takmarkaðrar áherslu á arðsemi þeirra. Að auki er framleiðsluþáttum hagkerfisins stýrt frá verðmætaskapandi greinum til lengri tíma. Vænt neikvæð áhrif á hagvöxt og lífskjör geta því verið umtalsverð, en eru þó sjaldnast í grunduð.

Þriðji þátturinn eru áherslur stjórnvalda í niðurskurði til menntamála. Þar hefur mest verið skorið niður í verst fjármagnaða hluta menntakerfisins, háskólastiginu. Slík forgangsröðun vekur furðu því það er óumdeilt að rannsóknar á þróunstarf í háskólum er ein mikilvægasta uppspretta framfara í tækni og mannauði sem liggur til grundvallar framleiðniaukningu og verðmætasköpun. Fyrir var háskólakerfið sá hluti menntakerfisins sem var hvað minnst fjármagnaður og var Ísland raunar eina OECD ríkið þar sem fjárframlög til hvers háskólanema voru að meðaltali minni en til hvers grunnskólanema. Þá hefur niðurskurðurinn bitnað hvað harðast á tæknitengdum greinum. Þetta gengur þvert á markmið

Útgjöld til háskólamenntunar sem hlutfall af útgjöldum til grunntenntunar (2007)



um að efla uppsprettur hagvaxtar sem og það markmið flestra að verðmætasköpun á Íslandi verði í auknum mæli byggð á hugviti.

Í fjórða lagi má nefna þann fjölda frumvarpa sem afgreiddur er úr þingsal á lokametrum hvers löggjafarþings. Í lok mars mánaðar voru um 50 þingmál lögð fyrir Alþingi sem mörg hver snerta rekstrarumhverfi fyrirtækja. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi stöðugs rekstrarumhverfis fyrir fyrirtæki og starfsfólk þeirra. Reglulegar og oft viðamiklar lagabreytingar, sérstaklega þær sem ekki gefst svigrúm til að ígrunda vel, auka kostnað og áhrif fjölmargra frumvarpa á verðmætasköpun í hagkerfinu eru gjarnan verulega vanmetin.

Að endingu er rétt að nefna það pólitíska markmið að jafna launakjör sem flestra í þjóðfélaginu. Í því markmiði virðist felast vanmat á þeim hvetjandi áhrifum sem mögulegur ávinningur af því að láta hendur standa fram úr ermum hefur á verðmætasköpun í hagkerfinu í heild. Verði sá hvati skertur um of er ljóst að það mun hafa neikvæð áhrif á efnahagsleg umsvif og um leið lífskjör allra sem Ísland byggja.

#### EINKAGEIRINN FORSENDI FRAMLEIÐNIAUKNINGAR

Eins og áður segir byggir efnahagsleg velmegun á því að skapa sem mest verðmæti með sem minnstum tilkostnaði. Aukin framleiðni er forsenda aukins hagvaxtar og kaupmáttar og stefna um að hámarka lífskjör felur því í sér varanlega framleiðniaukningu. Hvatinn til hagræðingar og skilvirkni, sem er fólgin í einkaeign í atvinnurekstri, er almennt meginforsenda þess að hægt sé að hámarka framleiðni. Það er innbyggt í kerfi einkarekstrar að aðilar kappkosti að veita sem besta þjónustu á sem lægstu verði eða skapa sem mest verðmæti með sem minnstum tilkostnaði. Þess vegna m.a. myndar atvinnulífið bróðurpart alls þess virðisauka sem skapast í hagkerfinu.


Til að ábati neytenda verði sem mestur er mikilvægt að samkeppni geti skapast á markaði og þannig standi þeir eftir sem veita besta þjónustu eða ódýrustu vöruna með sem hagkvæmustum hætti. Þrátt fyrir að gera megj betur á mörgum samkeppnismörkuðum þá lýtur rekstur á framfæri hins opinbera almennt ekki samkeppnislögmálum og því hafa opinberir aðilar minni hvata til að hagræða í rekstri og því ólíklegra að þar náist fram sú framleiðniaukning sem nauðsynleg er til að knýja hagvöxt.

Aukin umsvif hins opinbera í hlutfalli við landsframleiðslu á undanförunum áratugum, bæði hér á landi og erlendis, bera þess

„Áhrif reglulegra og viðamikilla lagabreytinga á verðmætasköpun eru gjarnan vanmetin.“


„Atvinnulífið myndar bróðurpart alls þess virðisauka sem skapast í hagkerfinu.“

Hlutdeild atvinnugreina í heildarvirðisauka




„Rekstur á framfæri hins opinbera lýtur almennt ekki samkeppnislögmálum.“

### Vöxtur samneyslunnar í 65 ár



„Áhrif atvinnulífs á lífskjör undirstrikar mikla ábyrgð fyrirtækja.“

### Niðurstöður könnunar Capacent Gallup



Hversu miklu eða litlu máli telur þú að íslensk fyrirtæki skipti þegar kemur að því að skapa góð lífskjör á Íslandi?

Heimild: Könnun Capacent Gallup

merki. Frá 1945 hefur hlutur samneyslunnar í landsframleiðslu vaxið úr 8% í 26%. Margar þeirra þjónustugreina sem falla undir rekstur hins opinbera eru þeirrar gerðar að erfitt er að skipta vinnuafli út fyrir aðra framleiðsluþætti. Þess vegna vex hlutdeild hins opinbera í landsframleiðslu samstíga framleiðniaukningu í einkageiranum.

### MIKIL ÁBYRGÐ ATVINNULÍFS

Efling atvinnulífs er því forsenda bættra lífskjara. Í því felst ekki aðeins að mikilvægt er að hið opinbera treysti umgjörð atvinnurekstrar heldur undirstrikar það ekki síður mikla ábyrgð fyrirtækja og atvinnulífs alls. Þessi ábyrgð kom skýrt í ljós með falli bankanna og áhrifum þess á raunhagkerfið og kjör, misserin á eftir. Í tilviki atvinnulífs felst lærdómur þeirra atburða í betri skilningi á þeirri ábyrgð eigenda og stjórnenda fyrirtækja að tryggja stöðugan langtíma rekstrargrundvöll á grunni heilbrigðra vinnubragða. Hagkvæmni, framleiðnivöxtur, bætt lífskjör og aukin hagsæld fást ekki ef atvinnurekstur felur í sér óhóflega áhættu eða skuldsetningu.

Þó að ávallt finnist stöku svartir sauðir, þá er mikilvægt að undirstrika að meginþorri íslenskra fyrirtækja eru rekin af heiðarlegu og vel meinandi fólki og að þar starfar meirihluti þeirra sem eru á vinnumarkaði hverju sinni. Verk þessa fólks, á grunni hagfellds rekstrarumhverfis sem skapað er í samstarfi við opinberar stofnanir og starfsfólk þeirra, skapa verðmæti og varða braut í átt að bættum lífskjörum Íslendinga.

### SAMSTAÐA UM MIKILVÆGI FYRIRTÆKJA

Skilningur á því grundvallarsjónarmiði að fyrirtæki skapi góð lífskjör virðist nokkuð almennur á Íslandi. Það kemur m.a. glögglega fram í könnun Capacent frá í janúar 2012, þar sem 94% Íslendinga telja fyrirtækin skipta öllu eða miklu máli. Segja má að þessi almennu viðhorf endurspegli þá uppbyggilegu sýn að 120 þúsund íslensk heimili og nálægt 20 þúsund íslensk fyrirtæki myndi órofa heild, þar sem heimilin þurfa á atvinnu að halda en fyrirtækin eru háð heimilunum um handafl, hugvit, eftirspurn og eignarhald.

Frekari upplýsingar veita Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs og Haraldur I. Birgisson aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Fjölmiðlahorn Viðskiptaráðs má finna [hér](#).